

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 231/2014****2015/EES/52/23****frá 24. október 2014****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/209/ESB frá 20. mars 2014 um jafngildi milli flokka ökuskírteina ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2014/209/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/21/ESB ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 24fb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/21/ESB) í XIII. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32014 D 0209**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/209/ESB frá 20. mars 2014 um jafngildi milli flokka ökuskírteina (Stjtið. ESB L 120, 23.4.2014, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2014/209/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. október 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 120, 23.4.2014, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 19, 22.1.2013, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.